

Ed.

319. Frumvarp til laga

[178. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Sigló h.f., Siglufirði, lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda allt söluandvirði lagmetisiðjunnar með verðtrygðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum, sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46 19. maí 1972 um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi.

Í nóvembermánuði s. l. óskuðu ákveðnir aðilar eftir því við iðnaðarráðherra að kaupa lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði (Siglósíld). Í byrjun desember skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda þrjá menn í nefnd til að annast viðræður af ríkisins hálfu um sölu Siglósíldar:

Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóra í Iðnaðarráðuneyti, formann.

Gunnlaug Claessen, deildarstjóra í Fjármálaráðuneyti, og

Guðmund Malmquist, hdl., í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Með nefndinni hefur starfað Sveinn Arason, deildarstjóri í Ríkisendurskoðun.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um eignir Siglósíldar og aðra þætti, er varða söluverð, svo sem viðskiptavild.

Nefndin hefur átt allmarga fundi með fulltrúum eftirtaldrá aðila, en þeir stofnuðu hinn 15. desember 1983 hlutafélagið Sigló h.f. með heimili og varnarþing á Siglufirði, til að kaupa og starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Stofnendur:	Hlutfé: Kr.
Sæmundur Árelfsson, Siglufirði	400 000
Guðmundur Skarphéðinsson, Siglufirði	300 000
Björn Jónasson, Siglufirði	100 000
Ómar Hauksson, Siglufirði	100 000
Daníel Baldursson, Siglufirði	100 000
Gunnar Þórðarson, Ísafirði	100 000
Magnús Aspelund, Kópavogi	100 000
Marbakki h.f., Kópavogi	400 000
Eiríkur Böðvarsson, Ísafirði	200 000
Jón Guðlaugur Magnússon, Kópavogi	200 000

Samtals hlutfé Kr. 2 000 000

Á fundi aðila, 14. desember 1983, náðist samkomulag um sölu Siglósíldar með fyrirvara um samþykki iðnaðarráðherra, ríkisstjórnar og Alþingis.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja nýstofnuðu hlutafélagi, Sigló h.f., lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. Kaupsamningur um Siglósíld.

Frá kaupsamningi var gengið og hann undirritaður 17. desember 1983 með nauðsynlegum fyrirvara. Meginatriði kaupsamningsins, sem er fylgiskjal með frumvarpi þessu, eru:

1. Ríkissjóður selur hlutafélaginu Sigló h.f. Lagmetisiðjuna Siglósíld og er kaupverð kr. 18 000 000.
2. Kaupverðið greiðist með útgáfu skuldabréfs til 10 ára. Bréfið er verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og ber hæstu leyfilegu vexti af verðtryggðum lánnum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.
3. Lán vegna kaupanna er tryggt veði með fyrsta veðrétti í eignum verksmiðjunnar, og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Stofnendur ábyrgjast persónulega 25% af láninu. Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverðið er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu tveim árum til að efla fyrirtækið.
4. Kaupendur skuldbinda sig til að halda starfrækslu Siglósíldar áfram á Siglufirði, auk þess sem þeir binda í stofnsamningi tilgang hins nýja félags við að efla og styrkja atvinnulíf á Siglufirði. Þessu til tryggingar eru aðilar sammála um að í skuldabréfi verði heimildarákvæði þess efnis, að gjaldfella megi lán vegna kaupanna að fullu, verði skuldbindingar um starfrækslu á Siglufirði ekki haldnar.
5. Seljandi lofar að beita sér fyrir því að gerður verði leigusamningur milli Sigló h.f. og Þormóðs ramma h.f. um afnot af frystihúsi Þormóðs ramma fyrir geymslu á allt að 700 tonnum af hráefni.
6. Miðað er við afhendingu eignanna 1. janúar 1984.

3. Nánar um greiðslukjör.

Við samninga um greiðslukjör hefur verið tekið mið af þeim kjörum, sem fjármálaráðherra hefur boðið í almennu útboði á hlutabréfum í 15 ríkisfyrirtækjum, sbr. auglýsingu, dags. 7. desember 1983. Þar er gert ráð fyrir að útborgun verði 20% og að eftirstöðvar verði lánaðar til allt að 10 ára. Hér hefur þó verið vikið frá kröfu um 20% útborgun. Telja verður að eftirfarandi atriði réttlæti slíkt frávik:

1. Með tilliti til þeirra gagngeru endurbóta, sem nauðsynlegar eru til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand, þykir óhjákvæmilegt að gera kaupendum kleift að leggja sem mest fé í fyrirtækið þegar í upphafi.
2. Fram hefur komið í viðræðum við kaupendur að þeir hyggjast fjárfesta í fyrirtækinu fyrir allt að kr. 12 milljónir á fyrra helmingi næsta árs.
3. Ofangreindar aðgerðir gefa von um jafna atvinnu við fyrirtækið allt árið. Þetta mun því væntanlega efla atvinnulíf á Siglufirði.

4. Nánar um kaupverð.

Við ákvörðun á kaupverði hefur verið tekið mið af fasteignamatsverði eigna fyrirtækisins og bókfærðu verði þeirra. Við mat á verði tækja og véla hefur verið höfð hliðsjón af bókfærðu verði. Hafa ber í huga að tæki verksmiðjunnar eru mörg hver úrelt orðin. Þá hefur verið reynt að meta viðskiptavild fyrirtækisins og þá aðstöðu sem fyrirtækið hefur byggt upp. Að öllu þessu athuguðu verður að telja kr. 18 000 000 viðunandi söluverð.

Með frumvarpinu fylgir bráðabirgðayfirlit yfir efnahag Siglósíldar í desember 1983. Til samanburðar er rétt að geta þess að bókfært verð fastafjármuna er skv. yfirlitinu talið vera kr. 13 951 000.

Skv. bráðabirgðauppgjörinu eru heildarskuldir Siglósíldar miðað við desember 1983 kr. 20 290 000. Þar á móti á fyrirtækið veltufjármuni að fjárhæð kr. 1 953 000. Samkvæmt þessu er söluverð fyrirtækisins skv. kaupsamningnum um það bil sama fjárhæð og þær skuldir sem á ríkissjóð falla vegna sölunnar.

5. Rekstrarafkoma Siglósíldar árin 1980—1983.

Afkoma Siglósíldar hefur verið sem hér greinir árin 1980 til 1982. Tölur eru á verðlagi hvers árs.

	Framleiðslu- dagar	Rekstur	Framlag ríkissjóðs	Bókfærð rekstrar- afkoma
1980 (í nýkr.) tap	137	2 829 894	1 500 000	1 329 894
1981 tap	130	4 799 825	1 000 000	3 799 825
1982 tap	90	6 262 813	900 000	5 362 813
Samtals		13 892 532	3 400 000	10 492 532

Tap á rekstri Siglósíldar, að frádregnu framlagi ríkissjóðs, hefur verið fjármagnað með skuldafélagi hjá viðskiptaaðilum og ríkissjóði og að hluta til með lántökum hjá Endurlánum ríkisins (Ríkisábyrgðasjóði).

Breytingar á efnahagsreikningi hafa á sama tímabili verið sem hér greinir.

	1980	1981	1982
Veltufjármunir	4 938 550	4 697 833	2 542 878
Fastafjármunir	2 529 959	4 979 843	9 390 289
Eignir alls	7 468 509	9 677 676	11 933 167
Skammtímaskuldir	5 603 399	7 342 270	9 611 656
Langtímaskuldir	1 178 439	5 102 277	11 687 404
Skuldir alls	6 781 838	12 444 547	21 299 060
Eigið fé	686 671	+2 766 871	+9 365 893

Þó ekki liggi fyrir uppgjör fyrir tímabilið janúar til maíloka 1983 þegar Þormóður rammi h.f. tekur við rekstri fyrirtækisins er ljóst að verulegt tap er á rekstri fyrirtækisins þetta tímabil. Rekstrartap má telja í milljónum króna.

A árinu 1983 voru beinar greiðslur, framlög úr ríkissjóði, til Siglósíldar 7 mkr. Að auki var framlag í formi yfirtöku á tveim lánnum hjá Endurlánum ríkisins að upphæð 10 084 000 kr., þar af vextir 1 416 000 kr. Í maí s. l. tók Siglósíld 10 mkr. gengistryggt lán hjá Endurlánum ríkisins. Andvirði þess var varið til greiðslu á bráðabirgðalánum hjá ríkissjóði, 6 551 000 kr., greiðslu vaxta og kostnaðar af lánnum hjá Endurlánum ríkisins, 1 172 000 kr., og greiðslu lausaskulda, 2 277 000 kr.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri eru helztu liðir efnahagsreiknings í desember 1983 þessir:

Veltufjármunir	1 953 000,00
Fastafjármunir	13 951 000,00
Eignir alls	15 904 000,00
Skammtímaskuldir	653 000,00
Langtímaskuldir	19 637 000,00
Skuldir alls	20 290 000,00
Eigið fé	-4 386 000,00

6. Tímabundin yfirtaka Þormóðs ramma h.f. á rekstri Siglósíldar 1. júní 1983.

Þormóður rammi h.f. hefur séð um rekstur lagmetisiðjunnar frá 1. júní 1983. Jafnframt hafa nokkrar endurbætur verið gerðar á húsnæði og vélum Siglósíldar.

Forsaga þess að samningur var gerður í maí 1983 um að Þormóður rammi h.f. yfirtæki rekstur Siglósíldar um tíma er rakin í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um yfirtæki er tilheyra starfssviði Iðnaðarráðuneytisins, dags. desember 1983, en þar segir m. a.:

„Á árinu 1979 varð Lagmetisiðjan Siglósíld fyrir miklum skakkaföllum vegna seinkunar á sölusamningum, farmannaverkfalls og óseljanlegra birgða, sem leiddu af sér rekstrarstöðvun mánuðum saman. Iðnaðarráðuneytið fól þá 3ja manna starfshópi að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins, rekstur og framtíðaráætlanir með tilliti til sölusamninga og hugsanlegrar uppbyggingar þess. Niðurstöður starfshópsins voru þær, að ekki væri grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri við óbreyttar aðstæður. Hann taldi hins vegar rétt að kanna sameiningu Lagmetisiðjunnar og fyrirtækisins Þormóðs ramma og endurskipuleggja jafnhliða rekstur og framleiðslu beggja fyrirtækjanna í því augnamiði að auka fjölbreytni og nýtingu í framleiðslu og renna þannig styrkari stöðum undir atvinnulíf í Siglufirði. Tillögur þessar voru ræddar við bæjarstjórn og atvinnumálanefnd Siglufjarðar í febrúar og mars 1980 án þess að niðurstaða fengist um framtíð fyrirtækisins.

Á árunum 1981 og 1982 seig enn á ógæfuhlið í rekstrinum með samdrætti í sölu og lækkandi verði í dollurum, en verðþróun innanlands hefur einnig verið fyrirtækinu mjög óhagstæð á tímabilinu. Slitinn og úreltur vélakostur hefur átt sinn þátt í bágborinni afkomu.

Stjórn fyrirtækisins hefur bent á ýmsa erfiðleika í rekstri ríkisyfirtækja á borð við Siglósíld: Þau eigi m. a. ógreiddan aðgang að lánastofnunum. Veik framkvæmdastjórn hefur síðan leitt til þess, að fyrirtækinu hefur verið stjórnað með björgunaraðgerðum af hálfu eigenda fremur en með skipulegum áætlunum og ábyrgð og hlutverk stjórnar ekki verið sem skyldi.

Í samráði við stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíldar skipaði Iðnaðarráðuneytið í september 1982 nefnd til að fara yfir stöðu fyrirtækisins og gera tillögur til ráðuneytisins um endurskipulagningu á rekstrinum.

Í því skyni var nefndinni falið að kanna m. a. eignaraðild heimamanna, Framkvæmdasjóðs og ríkisins að endurskipulögðu fyrirtæki í lagmetisiðnaði; gera tillögur um uppgjör skulda að lokinni endurskoðun; setja fram rekstraráætlun nýs fyrirtækis, ef til endurskipulagningar kæmi, og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 46/1972 um Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Nefndin skilaði álit þann 26. apríl 1983, og voru niðurstöður hennar í megindráttum þær, að fyrirtæki, sem framleiddi um 30 þús. ks. af gaffalbitum og 23 þús. ks. af niðursoðinni rækju, ætti að geta skilað hagnaði, ef það þyrfti ekki að standa undir fjármagnskostnaði vegna uppsafnaðra skulda og að nauðsynlegar endurbætur yrðu gerðar á húsnæði og vélum.

Á grundvelli álits nefndarinnar gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar með sér samkomulag þann 16. maí 1983 um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, og var það samkomulag staðfest af Iðnaðarráðuneytinu og Fjármálaráðuneytinu.“

Samkvæmt 7. tl. nýnefnds samkomulags milli Þormóðs ramma h.f. og Siglósíldar gildir samkomulagið í eitt ár. Rétt er að benda á að í þessari grein samkomulagsins er gert ráð fyrir að söluverð á fyrirtækinu skuli vera sama fjárhæð og langtímaskuldir í maí 1983 með verðlags- og gengisbreytingum til kaupdags. Skv. þessari grein hefði kaupverð á verðlagi í desember 1983 verið um 18 milljónir króna eða sambærilegt því verði sem hér er samið um.

Rekstrar- og fjárhagsstöðu Þormóðs ramma h.f. er þannig háttáð að fyrirtækið hefur ekki bolmagn til að koma rekstri Siglósíldar í það horf sem þarf til að gera reksturinn arðbæran. Önnur sjónarmið skipta þarna einnig máli, svo sem þau að Þormóður rammi h.f.

sinnir togaraútgerð og hefðbundinni fiskvinnslu. En yfirleitt, svo sem á Ísafirði og víðar, hafa sérhæfð fyrirtæki sinnt niðursuðu, rækju- og skelfiskvinnslu. Viðskiptasambönd hins nýja fyrirtækis vega einnig þungt, og hæpið er að Þormóður rammi h.f. gæti aflað slíkra sambanda. Samstarfssamningi Þormóðs ramma h.f. og Siglósíldar hefur því verið sagt upp, með samkomulagi, frá 1. janúar 1984, samhliða sölu Siglósíldar til hlutafélagsins Sigló h.f. svo sem fyrr greinir.

7. Áætlanir kaupenda um eflingu fyrirtækisins.

Í samningaviðræðum aðila hefur m. a. eftirfarandi komið fram varðandi áform kaupenda um rekstur fyrirtækisins:

Í fyrsta lagi hyggjast þeir halda áfram framleiðslu gaffalbita.

Í öðru lagi hyggjast þeir vinna úthafs-rækju, sem veidd er úti fyrir Norðurlandi.

Í þriðja lagi hyggjast kaupendur vinna rækju, sem veidd er í Barentshafi. Kaupendur hafa gert viðskiptasamninga við brekkt fyrirtæki um að vinna verulegt magn af Barentshafs-rækju til sölu á markaði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Vonir eru bundnar við að með þessu megi halda uppi atvinnu við rækjuvinnsluna allt árið.

Í fjórða lagi hyggjast kaupendur sjóða niður tilfallandi hráefni þann tíma, sem ekki er unnið að síld.

Síðasttöldu atriðin tvö eru nýjung í starfsemi Siglósíldar og er vonast til að þetta geti orðið til þess að efla atvinnulíf á Siglufirði.

Til þess að unnt sé að starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld í samræmi við framanritað þarf að gera verulegar endurbætur á húsi og tækjum. Skv. áætlun eigenda hyggjast þeir fjárfesta á fyrra helmingi árs 1984 samtals um 12 mkr. í rækjupillunarfélum ásamt blásara, lausfrystitæki, frystipressu, hráefniskæli o. fl. Það er m. a. til að gera kaupendum kleift að framkvæma slíkar endurbætur á fyrirtækinu, að fallið er frá kröfu um útborgun við sölu.

8. Afhendingardagur.

Kaupendur lögðu áherzlu á að afhending færi fram hinn 1. janúar 1984. Bentu þeir í því sambandi á eftirfarandi:

1. Kaupendur hafa yfir að ráða allmiklu magni af ópillaðri rækju, sem þeir geta hafið vinnslu á um leið og breytingum á verksmiðjunni er lokið.
2. Niðurlagning á gaffalbitum ætti að öllu óbreyttu að hefjast 15. janúar. Kaupendur hyggjast hins vegar breyta tilhögun við þá framleiðslu í tengslum við aukna rækjuvinnslu í fyrirtækinu. Til þess að þetta mætti takast töldu þeir nauðsynlegt að geta hafið breytingar á verksmiðjunni eigi síðar en 1. janúar. Yrði ekki frá samningum gengið fyrir áramót og vinnsla á gaffalbitum færi í gang á vegum Þormóðs ramma h.f. kæmi það í veg fyrir að hægt yrði að gera nauðsynlegar breytingar á verksmiðjunni svo að vinnsla á úthafs-rækju gæti hafist í marz n. k.
3. Fulltrúar kaupenda ættu í samningaviðræðum um vinnslu á hráefni frá Evrópu til sölu á Bandaríkjamarkað. Forsenda þeirrar samningsgerðar væri að þeir gætu hafið vinnslu í upphafi þessa árs. En þar sem áformað er að vinna það hráefni áður en gaffalbitavinnsla hefst töldu kaupendur nauðsynlegt að fá fyrirtækið afhent áður en gaffalbitavinnsla hæfist á vegum Þormóðs ramma h.f., en það er fyrir 15. janúar.

Með vísun til ofanritaðs og þar sem 1. janúar 1984 var af öðrum ástæðum hentugur afhendingardagur var kaupsamningurinn látinn koma til framkvæmda þann dag, svo sem frá honum var gengið með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1.—3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl.

1. Kaupsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Sigló h.f., dags. 17. desember 1983.
2. Stofnsamningur hlutafélagsins Sigló h.f., dags. 15. desember 1983.
3. Bráðabirgðayfirlit um eignir og skuldir Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, dags. 19. desember 1983.

Fylgiskjal I.

KAUPSAMNINGUR

Ríkisstjórn Íslands annars vegar og Sigló h.f. hins vegar gera með sér svofelldan kaupsamning:

Seljandi:

Ríkissjóður Íslands.

Kaupandi:

Sigló h.f., Siglufirði.

Hið selda:

Allar fasteignir og lóðaréttindi Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, Siglufirði, ásamt tilheyrandi vélum, tækjum, áhöldum sem fyrirtækið á, en að undanskildum öllum rekstrarbirgðum, s. s. rækju, umbúðum, olíu og öllu því sem til rekstrarvörubirgða getur talizt.

Nánar tiltekið er hér um að ræða:

1. Fasteignin Lagmetisiðjan við Norðurgötu, Siglufirði, ásamt öllum viðbótum og viðbyggingum.
2. Fasteignin Hverfisgata 28, Siglufirði.
3. Vélar og tæki skv. meðfylgjandi skrá.

Ástand hins selda:

Eignirnar eru seldar í núverandi ástandi, sem kaupandi gerir sér fullkomna grein fyrir. Sérstaklega skal tekið fram, að ástandi fasteigna er áfátt, m. a. þarfnast þak og gólf verulegra lagfæringa. Vélasamstæða til gaffalbitaframleiðslu er úr sér gengin, auk þess sem viðhaldi er ábótavant á öðrum tækjum verksmiðjunnar.

Umsamið kaupverð:

Umsamið kaupverð alls hins selda er kr. 18 000 000,00 — átján milljónir króna — sem kaupandi greiðir á eftirfarandi hátt:

Með því að gefa út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 18 000 000,00 — átján milljónir króna — bundið lánskjaravísitölu (grunnvísitala 836), sem greiðist með 16 — sextán — jöfnum hálfárslegum afborgunum á árunum 1986 til og með 1993, hinn 1. maí og 1. nóvember ár hvert, en í fyrsta sinn 1. maí 1986.

Vextir af skuldinni, eins og hún er á hverjum tíma frá 1. janúar 1984, skulu vera þeir vextir sem teknir eru af 10 ára lánskjaravísitölulánum á hverjum tíma, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, nú 3% p. a. Vextirnir skulu greiddir hálfárslega eftir á á sama tíma og afborganir, þó þannig að fyrsta greiðsla vaxta skal vera 1. nóvember 1984 og vextir síðan hálfárslega eftir það. Skuldin skal tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum, ásamt vélum, tækjum og áhöldum (verksmiðjuveð).

Ábyrgð hluthafa á hluta kaupverðs:

Hluthafar ábyrgjast hlutfallslega miðað við eignaraðild („pro rata“) sem sjálfskuldar-ábyrgðarmenn með áritun sinni á kaupsamning þennan og síðar veðskuldabréf kr. 4 250 000,00 — fjórar milljónir tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — af kaupverðinu, ásamt vöxtum, verðbótum og dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð. Ábyrgðin nær til vaxtagreiðslna árin 1984 og 1985, svo og afborgana, verðbóta og vaxta, sem falla 1986 og 1987, auk allra dráttarvaxta og innheimtukostnaðar sem af vanskilum kann að leiða. Seljandi hefur fulla heimild til að innheimta ábyrgðirnar beint án þess að gjaldfella veðskuldina að öðru leyti eða framselja veðrétt sinn til ábyrgðaraðila.

Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverð er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu 2 árum til uppbyggingar fyrirtækisins.

Afhending, arður og gjöld:

Allar hinar seldu eignir skulu afhentar kaupanda til fullra afnota hinn 1. janúar 1984. Miðast uppgjör vaxta, fasteignabrunabótaíðgjalda og annarra gjalda við þann dag og greiðir kaupandi gjöld þessi frá og með afhendingu og hirðir jafnframt arð eignanna frá sama tíma, en seljandi greiðir gjöldin út árið 1983.

Kvaðir og veðheimildir:

Kaupandi lofar að starfrækja rækjuvinnslu og síldarniðurlagningu áfram í hinum keyptu eignum. Hann lofar einnig að skapa eins mikla atvinnu og honum frekast er unnt á Siglufirði, bæði við frystingu, niðursuðu og niðurlagningu. Kaupanda er ljós sá megin-tilgangur seljanda með sölunni að tryggja atvinnuástandið á Siglufirði sem allra bezt og lofar að vinna í þeim anda. Kaupandi mun m. a. í þessu sambandi nú þegar sækja um leyfi til að kaupa a. m. k. eina rækjupillunarvél til viðbótar til að tryggja sem jafnasta og bezta starfrækslu verksmiðjunnar, auk þess sem hann mun strax festa kaup á lausfrystitækjum o. fl. tækjum til rekstursins.

Til enn frekari tryggingar þess að ofangreindar forsendur samnings þessa haldist eru aðilar sammála um að í skuldabréfið verði tekið heimildarákvæði þess efnis að gjaldfella megi skuldina að fullu, fari svo að starfsemi Lagmetisiðjunnar Siglósíldar verði flutt frá Siglufirði.

Fyrirvarar:

Seljandi gerir fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis fyrir sölu á eignunum. Kaupandi gerir fyrirvara um að samningar takist við Þormóð ramma h.f. um leigu á frystigeymslu vegna starfseminnar (gamla húsið) gegn sanngjarnri leigu. Þörf fyrir frystirými er að lágmarki fyrir 200 lestir af rækju.

Afsal og kostnaður vegna skjala:

Afsal fyrir eignunum svo og veðskuldabréf með ábyrgðaráritunum skal gefið út svo fljótt sem verða má, þ. e. þegar lagaheimild liggur fyrir og samkomulag hefur náðst við Þormóð ramma h.f.

Stefnt skal að því að gefa út afsalið og veðskuldabréfið fyrir 10. febrúar 1984. Kaupandi greiðir kostnað af stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfs, en seljandi greiðir kostnað vegna skjalagerðar.

Rísi mál af kaupum þessum eða samningi skal reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum. Til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 17. desember 1983.

F. h. ríkisstjórnar Íslands

Sverrir Hermannsson
Iðnaðarráðherra

Albert Guðmundsson
Fjármálaráðherra

F. h. Sigló h.f.

Jón Guðlaugur Magnússon

f. h. hluthafa skv. umboði.
Jón Guðlaugur Magnússon.

Vottar að undirritun og réttri dagsetningu:
Halldór J. Kristjánsson
Guðmundur Malmquist
Gunnlaugur Claessen

Fylgiskjal II.

STOFNSAMNINGUR

Undirritaðir aðilar:

Sæmundur Árelíusson, Eyrargötu 8, Siglufirði,
Guðmundur Skarphéðinsson, Hafnartúni 18, Siglufirði,
Björn Jónasson, Suðurgötu 56, Siglufirði,
Ómar Hauksson, Hólavegi 41, Siglufirði,
Daníel Baldursson, Norðurtúni 1, Siglufirði,
Gunnar Þórðarson, Urðarvegi 45, Ísafirði,
Magnús Aspelund, Álfhólsvegi 109, Kópavogi,
Marbakki h/f, Hamraborg 1, Kópavogi,
Eiríkur Bøðvarsson, Skipagötu 16, Ísafirði,
Jón Guðlaugur Magnússon, Skjólbraut 20, Kópavogi,
hafa í dag ákveðið að stofna hlutafélag er beri nafnið SIGLÓ H/F.
Heimili og varnarþing er á Siglufirði.

Tilgangur félagsins er að efla og styrkja atvinnulíf á Siglufirði með því að kaupa og starfrækja þar lagmetisiðjuna Siglósild og stunda þar niðurlagningu síldar, rækjuvinnslu, útgerð, fiskvinnslu og annan skyldan atvinnurekstur ásamt lánastarfsemi.

Hlutafjárhæðin er ákveðin kr. 2 000 000,00 — tvær milljónir —, og skiptist í 100 20 000,00 króna hluti.

Stofnendur hafa skráð sig fyrir hlutafé sem hér segir;

	kr.
Sæmundur Árelíusson	400 000,00
Guðmundur Skarphéðinsson	300 000,00
Björn Jónasson	100 000,00
Ómar Hauksson	100 000,00
Daníel Baldursson	100 000,00
Gunnar Þórðarson	100 000,00
Magnús Aspelund	100 000,00
Marbakki hf.	400 000,00
Eiríkur Böðvarsson	200 000,00
Jón Guðlaugur Magnússon	200 000,00
	<hr/>
	2 000 000,00

Hlutafé greiðist þannig: kr. 1 000 000,00 strax, en eftirstöðvar hlutafjár greiðast fyrir 1. apríl 1984.

Félagið greiðir lögboðin gjöld vegna skráningar félagsins, kostnað við undirbúning svo og útgáfu og stimplun hlutabréfa.

Hlutunum fylgja engin sérréttindi. Hluthöfum er ekki skylt að sæta innlaun á hlutum sínum.

Veðsetning á hlutum má einungis fara fram með samþykki hluthafafundar.

Við eigendaskipti að hlutabréfi, önnur en við erfð eða búskipti, á félagið forkaupsrétt að fölum hlutabréfum eftir því sem landslög heimila. Að því frágengnu eiga félagar forkaupsrétt að fölum hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Ef forkaupsréttarhafar hafna forkaupsrétti eða tilkynning berst ekki innan tveggja mánaða frá því að tilboð barst stjórn félagsins er sala heimil til þess aðila, sem greindur er í tilboði. Ef forkaupsrétti er beitt má frestur til greiðslu kaupverðs ekki vera lengri en þrjú mánuðir frá því að kaupin voru ákveðin.

Forkaupsréttarhöfum er heimilt að láta fara fram mat dómkvaddra matsmanna á þeim hlutabréfum, sem boðin voru til sölu, og gildir þá matsverð sem bindandi kaupverð, ef ekki verður samið um annað kaupverð.

Hlutabréfin eru gefin út á nafn. Eitt atkvæði fylgir hverjum 20 000,00 króna hlut.

Félagið tekur ekki við eignum neins manns, félaga eða stofnunar.

Stofnendur áskilja sér ekki rétt til stöðu hjá félaginu né annarra fríðinda.

Stofnfund skal halda 15. desember 1983.

F. h. Sæmundar Árelíussonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

Guðmundur Skarphéðinsson

F. h. Björns Jónassonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

Ómar Hauksson

F. h. Daníels Baldurssonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

F. h. Gunnars Þórðarsonar
Jón Guðlaugur Magnússon e. u.

Magnús Aspelund

F. h. Marbakka hf.
Jón Guðlaugur Magnússon

F. h. Eiríks Böðvarssonar
Jón Guðlaugur Magnússon e. u.

Jón Guðlaugur Magnússon

Fylgiskjal III.

Ríkisendurskoðun

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Bráðabirgðayfirlit desember 1983.

	Skýring	Kr.
Eignir:		
Veltuffjármunir:		
Sjóður og banki		153 000
Pormóður rammi		1 800 000
		<hr/> 1 953 000
Fastafjármunir:		
Íbúðarhús, Hverfisgötu 28	1	730 000
Verksmiðjuhús v/Norðurgötu	1	7 837 000
Vélar og tæki	1	5 384 000
		<hr/> 13 951 000
	Eignir alls	15 904 000
		<hr/> <hr/>
Skuldir og eigið fé:		
Skammtímalán:		
Viðskiptamenn (nettó)		285 000
Ríkissjóður, skuldaviðurkenning, 15/12		227 000
Sparisj. Siglufj., vísitölulán		141 000
		<hr/> 653 000
Langtímaskuldir:		
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 02 — 8134	2	2 073 000
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 04 — 8107	2	4 076 000
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 03 — 8303	2	12 544 000
Landsbanki Íslands, lán nr. E1 — 728		83 000
Iðnlánasjóður	2	461 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	2	400 000
		<hr/> 19 637 000
Eigið fé:		
Höfuðstóll		(4 386 000)
	Skuldir og eigið fé alls	15 904 000
		<hr/> <hr/>

Skýring nr. 1
Varanlegir rekstrarfjármunir 1983.

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Heiti	1. Fyrn. gr. 31/12'82	2. Fengnar fyrn. 31/12'82	3. Fyrn. gr. 1983 (1 × 1.7167)	4. Framr. fyrn. 1/1'83 (2 × 1.7167)	5. Fyrn. hlutfall	6. Alm. fyrming 1983	7. Bókfært verð 31/12'83 (3 - (4 + 6))
Íbúðarhús og lóð, fm	487 000				4%	288 856	730 000
Verksmiðjuhús	4 206 560	673 048	7 221 402	1 155 422	4%	288 856	5 777 124
Viðb. við verksm.hús	1 130 978	45 239	1 941 550	77 662	4%	77 662	1 782 226
Breyt. á verksm.húsi '82	175 019	7 001	300 455	12 019	4%	12 018	276 418
Breyt. á verksm.húsi '83			1 344		4%	54	1 290
Vélar og tæki	7 034 933	4 798 157	12 076 869	8 236 996	12%	1 449 224	2 390 649
Rækjulína '82	1 648 446		2 829 887		12%	339 586	2 490 301
Rækjulína '83			571 538		12%	68 585	502 953
	14 682 936	5 523 445	24 943 045	9 482 099		2 235 985	13 950 961
	Fast.mat 1982	Brun.mat 1982				Brun.mat 1983	Fast.mat 1983
Íbúðarhús	487 000	912 000				1 523 000	730 000
Verksmiðjuhús	4 057 000	6 821 000				11 391 000	6 085 000
Lóð	135 000						202 000
	4 192 000	7 733 000				12 914 000	6 287 000

Fjárhæð annarra rekstrarfjármuna er óveruleg.

**Skýring nr. 2.
Langtímalán desember 1983.**

Lagmetisíðjan Siglósíld.

Lánveitandi	Lán nr.	Útg. dagur	Endurgt. tímabil	Vaxtafótur	Grunnveit. Erl. mynt	Vísitala gengi	Upphaflega	Staða nú
Ríkisábyrgðasjóður	02 — 8134	28.12.81	1982 — 2000	4,0%	VST 191	836	kr. 500 000,00	2 073 298
Ríkisábyrgðasjóður	04 — 8107	30.10.81	1986 — 2000	14,5%	GBP	41,055	£ 99 290,78	4 076 383
Ríkisábyrgðasjóður	03 — 8303	19.05.83	1987 — 1992	13,5%	USD	28,600	\$ 438 596,49	12 543 859
Íðnlánasjóður	4138	15.12.82	1983 — 1988	2,5%	VST 471	836	kr. 260 000,00	461 486
Atv.leysistr. sjóður		19.04.82	1983 — 1987	28,0%			kr. 500 000,00	400 000
								19 555 026

Ekki reiknaðir áfallnir vextir.

Gengi miðað við 12/12 1983.

Vísitala miðuð við desember 1983.